

STAFRÆNT RÁÐ

Ár 2023, 22. febrúar, var haldinn 13. fundur stafræns ráðs. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi og hófst kl. 13.30. Eftirtalin voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Kristinn Jón Ólafsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Björn Gíslason, Friðjón R. Friðjónsson, Magnús Davíð Norðdahl og Sara Björg Sigurðardóttir. Jafnframt eftirtalið starfsfólk þjónustu- og nýsköpunarsviðs: Karen María Jónsdóttir og Óskar J. Sandholt. Eva Pandora Baldursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á stafrænum verkefnum hjá velferðarsviði. PON21070024.
Guðmundur Sigmarsson, Inga Pétursdóttir Jessen, Magnús Bergur Magnússon og Þröstur Elvar Óskarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á rafrænni þjónustumiðstöð og Velferðartæknismiðju. PON23020043.
Styrmir Erlingsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 1. febrúar 2023, um stýrihóp um endurskoðun á fyrirkomulagi verkefnisins Hverfið mitt ásamt erindisbréfi. MSS23010245.
Samþykkt.
Eiríkur Búi Halldórsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
4. Lagt fram trúnaðarmerkt bréf borgarstjóra um tillögu um framtíðarhöggun á starfsemi Borgarskjalasafns, dags. 14. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum. Einnig lögð fram trúnaðarmerkt umsögn stafræns ráðs um tillögu borgarstjóra um framtíðarhöggun á starfsemi Borgarskjalasafns, dags. 20. febrúar 2023. PON23010028.
Samþykkt með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata gegn 1 atkvæði fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.
Bókanir undir þessum lið voru færðar í trúnaðarbók stafræns ráðs.
5. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 9. febrúar 2023, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi nemendagrunn og árangursmælikvarða sbr. 30. lið fundargerðar borgarráðs frá 8. desember 2022. MSS22120041.
6. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 15. febrúar 2023, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ábendingavef Reykjavíkurborgar sbr. 29. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. janúar 2023. MSS23010125.
7. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 16. febrúar 2023, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu rafrænna byggingarleyfa sbr. 30. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. janúar 2023. MSS23010126.

Fundi slitið kl. 16:00

Kristinn J. Ólafsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Björn Gíslason
Magnús Davíð Norðdahl

Andrea Jóhanna Helgadóttir
Friðjón R. Friðjónsson
Sara Björg Sigurðardóttir